

Nd.

681. Lög

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

(Afgreidd frá Nd. 5. sept.).

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla ... að Höfn á Hornströndum« komi:

Loftskeytasamband milli Ísafjarðar, Hesteyrar og Hafnar við Hornvík; frá Hesteyri landsímalína að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsimi frá Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist.

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og Svínadal; frá Sauðárkróki að Viðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum og í Lýtingsstaðahreppi. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp; lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína

að Brekku í Fljótsdal; lína frá Svignaskarði að Statholtsey. Lína til Skógar-
ness og lína frá Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasands-
hreppi. Lína frá Miðey til Hallgeirseyjar í Austur-Landeyjahreppi og frá Eyr-
arbakka til Þorlákshafnar út í Selvog.